



Bandalag
háskólanna

EFNAHAGSLEG ÁHRIF COVID-19

Áhrif kreppunnar á atvinnuleysi
mismunandi hópa

FYRSTA SKÝRSLA
OKTÓBER 2020

Efnahagsleg áhrif COVID-19

Áhrif kreppunnar á atvinnuleysi mismunandi hópa

Fyrsta skýrsla sérfræðingahóps

15. október 2020

Kjarni máls:

- Heimsfaraldur COVID-19 hefur valdið samfélagsröskun af áður óþekktri stærðargráðu.
- Stefnumótun og samstarf stjórnvalda og annarra samfélagslegra burðarása svo sem verkalýðshreyfingarinnar mun skipta sköpum í að fyrirbyggja langtímaskaða af kreppunni og vernda mismunandi hópa samfélagsins á næstu árum.
- Greina má mikinn mun í hlutfallslegri aukningu atvinnuleysis á tímabilinu mars 2020 til september 2020 eftir landsvæðum, kyni, aldri og uppruna. Draga má ýmsar ályktanir af þeirri þróun:
 - ✓ Efnahagslegum samdrætti samhliða COVID-19 heimsfaraldri er mjög misskipt eftir landsvæðum.
 - ✓ Samdrátturinn hefur komið verst niður á aldurshópnum 16–24 ára á vinnumarkaði. Fjölgun ungs fólks sem hvorki er í námi né vinnu er mikið áhyggjuefni.
 - ✓ Greina má kynbundin áhrif í efnahagssamdrætti en atvinnuleysi meðal kvenna hefur aukist nokkuð hraðar en meðal karla. Verst standa konur í lægri menntunar- og tekjuflokkum.
 - ✓ Þátttaka kvenna, erlendra ríkisborgara og ungs fólks er hlutfallslega mikil í þeim atvinnugreinum sem orðið hafa fyrir þyngstu höggi hér á landi m.a. í þjónustugreinum tengdum ferðaþjónustu. Konur í heilbrigðis- og félagsþjónustu mynda framlínu varna viðkvæmustu hópanna.
 - ✓ Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er langt umfram meðaltal síðustu ára.
- Atvinnuleysi og ógn við afkomu felur í sér hættu á vinnumarkaðsbrotum og misnotkun.

Um skýrsluna

Til að bregðast við áhrifum COVID-kreppunnar ákváðu heildarsamtök launafólks, ASÍ, BSRB og BHM, að skipa hóp sérfræðinga til að leggja mat á efnahagsleg áhrif hennar. Hópurinn tók til starfa í september 2020 og hyggst senda frá sér stuttar skýrslur á næstu misserum.

Hópurinn mun leitast við að kortleggja áhrifin á mismunandi þjóðfélagshópa og gera tillögur að aðgerðum til að fyrirbyggja langtímaskaða af efnahagskreppunni sem og tryggja öfluga viðspyrnu þegar heimsfaraldurinn líður undir lok. Hópnum er ætlað að horfa sérstaklega til viðkvæmra og jaðarsettra hópa og fjalla um að hvaða leyti aðgerðir stjórnvalda geta haft áhrif á jöfnuð og félagslegt réttlæti.

Í sérfræðingahópnum eiga sæti:

Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, formaður

Ásgeir Brynjar Torfason, doktor í fjármálum

Guðrún Johnsen, efnahagsráðgjafi VR

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB

Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði

Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði.

Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur ASÍ, starfar með hópnum.

Í þessari fyrstu skýrslu hópsins er sjónum beint að áhrifum samdráttarins á atvinnuleysi eftir landsvæði, aldri, kyni og uppruna.

Inngangur


Heimfaraldur kórónuveiru (COVID-19) hefur valdið efnahagssamdrætti og samfélagsröskun af áður óþekktri stærðargráðu. Ekki þykir ástæða til að rekja sögu og framþróun faraldursins hér. Líkt og alkunna er hefur sú ógn sem faraldurinn er við heilsu og líf fólks, sem og takmörkuð geta heilbrigðiskerfisins til að takast á við fjölda sjúklunga, leitt til víðtækrar röskunar í efnahagssumsvifum með tilheyrandi áhrifum á lífsviðurværi fólks og velferð. Útbreiðsla heimfaraldursins hefur þegar valdið straumhvörfum um allan heim, bæði hvað varðar heilbrigðismál og efnahagslíf. Áhrifin hafa verið gríðarleg á vinnumarkaði. Í júní áætlaði Alþjóðavinnuárástofnunin (ILO, International Labour Organization) að faraldurinn hafi haft bein áhrif á 3,1 milljarð vinnandi fólks sem samsvarar 93% af vinnuafli heimsins, m.a. í formi uppsagna eða breyttra vinnuaðstæðna. Var það mat stofnunarinnar að vinnumagn á öðrum ársfjórðungi 2020 hafi minnkað um 14% sem samsvarar því að 400 milljónir fullvinnandi einstaklinga hafi misst vinnuna.¹ Halda þá ýmsir sérfræðingar því óhikað fram að faraldurinn muni hafa áhrif á líf alls þorra almennings til frambúðar.

Á Íslandi hafa stjórnvöld, líkt og stjórnvöld í öðrum ríkjum, gripið til aðgerða sem miða að því að tryggja afkomuöryggi launafólks upp að ákveðnu marki og gera sem flestum fyrirtækjum kleift „að lifa af“ efnahagskreppuna á tíma heimfaraldurs. Stjórnvöld hafa þannig aukið útgjöld ríkisins til að bregðast við þeirri efnahagskreppu og samfélagsröskun sem veiran veldur. Ljóst er að áhrif COVID-kreppunnar á velferð þ.m.t. atvinnustig og félagslegan jöfnuð munu vara langt inn á þennan áratug. Áhrifin verða mismunandi eftir þjóðfélagshópum en mikilvægt er að kanna áhrif kreppunnar á velferð þeirra hópa samfélagsins sem viðkvæmastir teljast og grípa til aðgerða til að tryggja afkomu þeirra og atvinnutækifæri til frambúðar. Horfa ætti þar sérstaklega til þeirra hópa sem veikast standa m.t.t. atvinnu, framfærslu og félagslegrar stöðu t.a.m. barna, ungmenna, aldraðra og fólks af erlendum uppruna. Fullyrða má að stefnumótun og samstarf stjórnvalda og annarra samfélagslegra burðarása svo sem verkalýðshreyfingarinnar mun skipta sköpum á þeirri mikilvægu vegferð.

¹ https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/@dgreports/@dcomm/documents/briefingnote/wcms_749399.pdf

Áhrif COVID-19 kreppunnar á atvinnuleysi eftir landsvæðum

Í september 2020 mældist almennt atvinnuleysi á Íslandi 9% og hafði aukist nokkuð frá fyrri mánuðum.² Er atvinnuleysið nú einkar hátt í sögulegu samhengi og hefur aldrei verið hærra sé horft til samanburðar við mánaðarmeðaltal á ársgrundvelli árin 1980-2019.



Mynd 1. Atvinnuleysi á Íslandi (árleg meðaltöl 1980-2019, mánaðarmeðaltal í sep. 2020)

Verst er staðan á Suðurnesjum. Almennt atvinnuleysi mældist þar nær 19% í september 2020 eða nær fimmfalt á við meðaltal árána 1980-2019. Hefur almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum þá aukist hlutfallslega um 92% frá mars 2020 til september 2020 eða frá því að efnahagssamdrátturinn vegna COVID-19 heimsfaraldurs hófst. Gefa tölurnar til kynna að efnahagssamdrátturinn hafi bitnað hlutfallslega verr á íbúum Suðurnesja og Suðurlands en öðrum svæðum.

² Vinnuálastofnun: Vinnuástandurinn á Íslandi – september 2020. <https://www.vinnuálastofnun.is/media/2660/sept-2020-skyrsla.pdf>

Tafla 1. Almenn atvinnuleysi eftir landssvæðum og hlutfallsleg aukning almenns atvinnuleysis frá upphafi COVID-19 kreppunnar.


Landsvæði	2019		2020		Hlutfallsleg aukning á tíma COVID-19 (mar- sep.20)
	Mar-19	Sep-19	Mar-20	Sep-20	
Allt landið	3,2%	3,5%	5,7%	9,0%	58%
Höfuðborgarsvæði	3,3%	3,8%	5,9%	9,2%	56%
Suðurnes	5,4%	6,3%	9,7%	18,6%	92%
Vesturland	2,0%	1,8%	3,7%	5,6%	51%
Vestfirðir	1,9%	2,2%	3,3%	3,3%	0%
Norðurl. vestra	1,3%	0,9%	2,5%	3,1%	24%
Norðurl. eystra	3,3%	2,8%	5,1%	6,1%	20%
Austurland	3,0%	1,4%	3,3%	4,3%	30%
Suðurland	2,1%	2,0%	4,4%	7,4%	68%

Því er spáð að atvinnuleysi aukist fram til áramóta, hið minnsta. Óvissa ríkir um hvenær kann að fara að draga úr atvinnuleysi en í spá Hagstofunnar frá október 2020 er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði 6,8% 2021 og 6,2% árið 2022. Mikilvægt er að benda á að atvinnuleysi var þegar vaxandi áður en áhrifa faraldursins fór að gæta og því er hætta á að hærri atvinnuleysisstölur festist í sessi og að langtímaatvinnuleysi aukist til muna verði ekki gripið til réttra / viðeigandi ráðstafana.

Áhrif COVID-19 kreppunnar á hag ungs fólks

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var atvinnuleysi meðal aldurshópsins 16–24 ára 17,7% á öðrum ársfjórðungi 2020.³ Það er aukning um sjö prósentustig frá árinu á undan. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi 16–24 ára 19,4% samanborið við 10,4% árið áður. Utan höfuðborgarsvæðisins var atvinnuleysi 14,3% en var 10,9% árið á undan í sama aldurshópi. Áhyggjuefni er að ungt fólk þekkir réttindi sín síður en þeir sem eldri eru og er líklegra til að verða fyrir vinnumarkaðsbrotum, sérstaklega á samdráttartímum.

³ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinumarkadsrannsokn/>



Mynd 2 Atvinnuleysi eftir aldri (ársmeðaltöl 1991-2019, ársfjórðungsmeðaltal 2020Á2).

Atvinnuleysi jókst hlutfallslega hraðar í aldurshópnum 16–24 ára en í aldurshópnum 25–64 ára milli annars ársfjórðungs árána 2019 og 2020. Á það sérstaklega við ungmenni á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 2. Hlutfallsleg aukning atvinnuleysis eftir aldurshópum milli annars ársfjórðungs 2019 og annars ársfjórðungs 2020.

Aldur og búseta	2019Á2	2020Á2	Hlutfallsleg aukning milli ára
16-24 ára			
Alls	10,5%	17,7%	69%
Höfuðborgarsvæði	10,4%	19,4%	87%
Utan höfuðborgarsvæðis	10,9%	14,3%	31%
25-64 ára			
Alls	3,4%	5,2%	53%
Höfuðborgarsvæði	4,1%	5,7%	39%
Utan höfuðborgarsvæðis	2,0%	4,1%	105%

Ljóst er að heimsfaraldurinn og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna hans hafa valdið talsverðum röskunum á lífi ungs fólks og á það við um atvinnu, nám og félagslíf. Enn er of snemmt að

leggja mat á áhrif þessa en nú þegar ber nokkuð á áhyggjum af brottfalli úr námi sem þegar er vandi á Íslandi. Þá hafa sérfræðingar, m.a. á vettvangi Alþjóðavinnuáráðs og Evrópusambandsins, lýst yfir áhyggjum af því að faraldurinn raski framþróun í lífi ungs fólks frá æsku til fullorðinsára og sjálfræðis; frá menntun til atvinnu og fjárhagslegs sjálfstæðis.⁴ Stór rannsókn á vegum Alþjóðavinnuáráðs sem gerð var opinber í ágúst 2020 leiðir í ljós djúpstæð og kerfislæg áhrif á ungt fólk um heim allan. Á það sérstaklega við um ungar konur og launafólk í ríkjum þar sem tekjur eru lágar. Almenn leiðir könnunin í ljós að ungt fólk hefur áhyggjur af framtíðinni og hlutskipti sínu.⁵

Fjölgun ungs fólks hérlendis sem hvorki er við störf né í námi veldur sérstökum áhyggjum. Fyrirliggjandi upplýsingar sýna að hlutfall ungs fólks af erlendum uppruna í þessum hópi er umfram hlutfall þess í aldurshópnum.⁶ Samfélagsleg virkni er mikilvæg heilsu og líðan fólks og felur þessi þróun því í sér alvarlega ógn við framtíð, velferð, atvinnuþátttöku og afkomu umtalsverðs fjölda ungs fólks í landinu.

Kynbundin áhrif COVID-19 kreppunnar

Alþjóðavinnuáráðs (ILO) hefur ítrekað vakið athygli á rannsóknum sem sýna að efnahagskreppur komi hlutfallslega frekar niður á konum á vinnumarkaði en körlum. Stofnunin telur að þessar niðurstöður megi einnig heimfæra á áhrif kórónufaraldursins sem geti orðið mikil og neikvæð og kunni að ógna framförum síðustu áratuga á sviði jafnréttismála. Um leið geti áhrifin birst í auknu misrétti með tilliti til kynjaskiptingar á vinnumarkaði.⁷


Atvinnuleysi kvenna á íslenskum vinnumarkaði er meira en karla en ekki er um stórvægilegan mun að ræða. Atvinnuleysi kvenna í september 2020 er þó meira en mælst hefur að meðaltali á ársgrundvelli frá 1980 .

⁴ Sjá t.a.m. umfjöllun á vegum Evrópuráðsins og Evrópusambandsins, <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/Covid-19>

⁵ Sjá skýrslu ILO, Youth and COVID-19: Impacts on jobs, education, rights and mental-well being. https://www.ilo.org/global/topics/youth-employment/publications/WCMS_753026/lang--en/index.htm

⁶ Hér er stuðst við Vinnuáráðsskýrslu ASÍ frá hausti 2020. https://www.asi.is/media/316799/vinnuáráðsskýrsla-asi_2020.pdf

⁷ Hér er einkum stuðst við efni frá ILO: https://www.ilo.org/global/about-the-ilo/newsroom/news/WCMS_749398/lang--en/index.htm



Mynd 3. Atvinnuleysi eftir kyni (árleg meðaltöl 1980–2019, mánaðarmeðaltal í september 2020).

Á höfuðborgarsvæðinu eru fleiri karlar atvinnulausir en konur (10,3% karla, 9,8% kvenna). Annars staðar á landinu er heildaratvinnuleysi kvenna ívið meira en til dæmis má nefna að atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum er nú 22,5% m.v. 17,7% hjá körlum.⁸ Er hér horft til samtölu almenns atvinnuleysis og minnkaðs starfshlutfalls.

Karlar og konur sem lokið hafa grunnskólanámi eru fjölmennasti hópurinn meðal atvinnulausra, líkt og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Um 41% þeirra sem eru á atvinnuleysissskrá tilheyra þeim hópi.

Tafla 3. Fjöldi atvinnulausra (almennt atvinnuleysi) í september 2020 eftir kyni og menntun.

Menntun	Karl	Kona	Samtals	Hlutfallslegur fjöldi
Grunnskólanám eða sambærilegt	4.465	3.122	7.587	41%
Starfstengt nám á framhaldssk.stigi	1.362	990	2.352	13%
Iðnnám	1.081	395	1.476	8%
Stúdentspróf	867	1.014	1.881	10%
Háskólanám /sérskólar við háskólastig	2.116	2.795	4.911	27%
Óþekkt	148	88	236	1%
Samtals	10.039	8.404	18.443	100%

⁸ Þessar tölur eru sóttar í skýrslu Vinnumálastofnunar fyrir september 2020.


Karlar eru talsvert fjölmennari en konur í hópi atvinnulausra án grunnskólaprófs. Þetta rennir stoðum undir mikilvægi atvinnu- og virkniúrræða sem taka mið af kynbundnum áhrifum atvinnuleysis. Um 27% atvinnulausra hafa lokið háskólanámi. Atvinnuleysi er minnst í röðum þeirra sem lokið hafa iðnnámi, um 8%, og eru karlar þar í talsverðum meirihluta sem endurspeglar m.a. kynjahlutfallið í röðum iðnaðarmanna.

Hlutfallslega hefur almennt atvinnuleysi kvenna aukist mjög mikið frá mars 2020 til september 2020 eða frá þeim tíma sem COVID-19 kreppan hófst og mun hraðar en almennt atvinnuleysi meðal karla á tímabilinu mars til september 2020. Verst er staðan meðal kvenna í lægri tekjuflokkum sem hafa eingöngu lokið grunnskólanámi. Taflan að neðan sýnir hlutfallslega aukningu almenns atvinnuleysis frá mars til september 2020 eftir menntun og kyni.

Tafla 4. Hlutfallsleg aukning í fjölda á atvinnuleysisráð eftir kyni og menntun frá því að COVID-19 kreppan hófst (almennt atvinnuleysi).

Karlar	Mar-19	Sep-19	Mar-20	Sep-20	Hlutfallsleg aukning á tíma COVID-19
Grunnskólanám	1.750	1.824	3.504	4465	27%
Starfstengt nám á framhaldssk.stigi	487	428	961	1362	42%
Iðnnám	445	446	920	1081	18%
Stúdentspróf	351	324	758	867	14%
Háskólanám	725	808	1.516	2116	40%
Óflokkað			217	148	-32%
Samtals	3.758	3.830	7.876	10.039	27%
Konur	Mar-19	Sep-19	Mar-20	Sep-20	Hlutfallsleg aukning á tíma COVID-19
Grunnskólanám	1.180	1.251	2.081	3122	50%
Starfstengt nám á framhaldssk.stigi	357	357	655	990	51%
Iðnnám	179	196	491	395	-20%
Stúdentspróf	449	422	845	1014	20%
Háskólanám	1.009	1.045	1.908	2795	46%
Óflokkað			199	88	-56%
Samtals	3.174	3.271	6.179	8.404	36%

Ekki má þá gleyma að þátttaka kvenna í þeim atvinnugreinum sem orðið hafa fyrir þyngstu höggi er meiri en karla. Má þar nefna gistiþjónustu, matvælaíðnað, sölustörf og framleiðslu. Á heimsvísu starfa um 40% þeirra kvenna sem hafa fasta atvinnu á þessum fjórum sviðum efnahagslífsins borið saman við rúm 36% karla. Á Íslandi má greina slíkan kynjahalla í vinnumarkaðsgögnum þeirra atvinnugreina sem komið hafa hvað verst út úr COVID-19 faraldrinum. COVID-faraldurinn hefur einnig breytt starfsumhverfi margra kvenna til hins verra. Má í því efni nefna starfsfólk á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, hjúkrunar- og dvalarheimilum þar sem konur eru í miklum meirihluta. Þær vinna alla daga við krefjandi aðstæður en veirufaraldurinn og tilheyrandi sóttvarnir hafa haft mikil áhrif á starfsumhverfi þeirra. Þetta má sjá á mynd hér að neðan.



Mynd 4. Kynjahallinn á vinnumarkaði og COVID-19.

Hvað atvinnu og afkomu varðar er þekkt að kvennastéttir eru oftast en ekki neðstar í launastiganum.⁹ Þá hafa kröfur um fjarvinnu og sóttkví, auk skerts skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs aukið álag á heimilum þar sem konur sinna í meira mæli ólaunaðri vinnu og umönnun. Ráðstafanir í opinberum rekstri verða að taka mið af þessum raunveruleika kvenna. Þegar skorið er niður í rekstri hins opinbera færast aukin ólaunuð vinna á herðar kvenna, samhliða því að þær missa launuð störf. Afkomuöryggi þeirra er því oft stefnt í voða á krepputímum. Í þessum heimsfaraldri fylgir launuðum og ólaunuðum störfum kvenna


⁹ Sjá t.a.m. frétt RÚV <https://www.ruv.is/frett/hefdbundnar-kvennastettir-med-laegri-laun>

jafnframt aukin áhætta með tilliti til smithættu og álag í daglegu lífi eykst vegna skerðinga á skólastarfi og í þjónustu við börn, aldraða og langveika. Skert leikskóla- og skólalald sl. vor jók mjög álag á barnafjölskyldur. Í könnun sem BSRB lét gera og birt var í júnímánuði kom m.a. í ljós að um 36% þátttakenda höfðu þurft að vera heima með barn eða börn vegna skertrar þjónustu grunn- eða leikskóla sökum faraldursins. Mun fleiri konur en karlar sinntu börnum sínum heima við þessar aðstæður.

Áhrif COVID-19 kreppunnar á erlenda ríkisborgara

Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár þjuggu 50.800 erlendir ríkisborgarar á Íslandi í byrjun ágúst mánaðar 2020.¹⁰ Sá fjöldi svarar til um 14% þjóðarinnar og er það hlutfall sambærilegt við það sem almennt tíðkast á Norðurlöndum, að Finnlandi undanskildu. Á hinn bóginn sýna tölur að atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara er talsvert meiri á Íslandi en í nágrannaríkjunum og mun hærri en hjá íslenskum ríkisborgurum. Munurinn er umtalsverður. Atvinnuþátttaka erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði er 94% á aldursbilinu 20–59 ára, samanborið við 79% hjá íslenskum ríkisborgurum.¹¹

Fyrirliggjandi tölur leiða í ljós að efnahagssamdráttur á Íslandi vegna kórónuveirunnar hefur komið sérstaklega illa niður á erlendum ríkisborgurum á vinnumarkaði. Á öðrum ársfjórðungi 2020 voru um 12% erlendra ríkisborgara án atvinnu og hefur hlutfallið ekki verið hærra um árabil.¹²



Mynd 5. Hlutfallslegur fjöldi erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá eftir ársfjórðungum.

¹⁰ <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2020/08/17/Erlendir-rikisborgarar-a-Islandi/>

¹¹ Hér er stuðst við upplýsingar frá Samtökum atvinnulífsins frá í febrúar 2020: <https://www.sa.is/frettatengt/frettir/sameinud-i-fjolbreytileika>

¹² Erfitt er að áætla atvinnuleysi í hópnum þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda starfandi.

Mikil fjölgun erlends launafólks á Íslandi á undanförunum árum kom einkum til vegna uppgangs í ferðapjónustu og afleiddum störfum tengdum þeim vexti. Fullyrða má að sú þróun hafi að talsverðu leyti verið möguleg vegna erlends starfsfólks en talið er að um þriðjungur starfsfólks í ferðapjónustu hafi verið af erlendu bergi brotinn. Þetta hefur sést greinilega í atvinnuleysistöllum og í septembermánuði hélt sú þróun áfram að störfum fækkaði í ferðatengdri starfsemi, einkum farþegaflutningum og gisti- og veitingapjónustu.

Almennt gildir um erlenda ríkisborgara, og farandverkafólk sérstaklega, að staða þeirra á vinnumarkaði er ekki jafn sterk og íslenskra ríkisborgara. Oft skortir á upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku og því er hætt við að útlendingar öðlist ekki nægilega þekkingu á vinnumarkaðstengdum réttindum og njóti heldur ekki jafn sterkar stöðu innan vinnustaðar og íslenskumælandi starfsfólk. Þá er sú hættu fyrir hendi að afkomu- og skuldavandi heimila erlendra ríkisborgara fái ekki tilhlýðilega athygli.

Skipulögð kjarasamningsbrot eru framin á íslenskum vinnumarkaði og erlent launafólk verður iðulega fyrir þess háttar lögbrotum. Sama á við um yngra fólk, fólk í hlutastörfum og í óformlegu ráðningarsambandi við atvinnurekanda. Aðildarfélag ASÍ gera hundruð milljóna króna launakröfur hvert ár fyrir hönd einstaklinga sem brotið hefur verið á. Meira en helmingur krafna er gerður fyrir hönd erlendra ríkisborgara.¹³ Atvinnuleysi og ógn við afkomuöryggi getur falið í sér áhættu fyrir hópa erlendra ríkisborgara og er þá ekki síst horft til vinnumarkaðsbrotu og misneytingar af ýmsum toga vegna bágrar stöðu viðkomandi. Ljóst er að verkalýðsfélög, lögregla og aðrar opinberar eftirlitsstofnanir þurfa að huga sérstaklega að þessari áhættu nú þegar heimsfaraldurinn ríður yfir og ógnar afkomu mikils fjölda fólks í viðkvæmri stöðu.

Lokaorð

Á óvissutímum er sérstaklega mikilvægt er að huga að viðkvæmstu hópunum samfélagsins. Faraldurinn og kreppan sem tengist honum kemur ekki eins við alla hópa. Sérfræðingahópurinn mun greina nánar stöðu mismunandi hópa og áhrif kreppunnar á ójöfnuð og velferð íbúa landsins. Um leið varpa fréttir af fjölgun COVID-tilvika ljósi á mikilvægi þeirra starfa sem unnin eru á sviðum heilbrigðisþjónustu, umönnunar og skóla. Iðulega eru þau störf í höndum kvenna, erlendra ríkisborga og ungs fólks á lægstu launum.

¹³ Sjá skýrslu Hagdeildar ASÍ frá í ágúst mánuði 2019, Íslenskur vinnumarkaður 2019, https://www.asi.is/media/315797/islenskur_vinnumarkadur_2019_brotastarfsemi_130819_2.pdf

Vakin er athygli á að starfsfólk sem einkum sinnir hópum á borð við sjúka, aldraða og börn á ekki möguleika á að vinna þau störf í fjarvinnu. Þótt fjarvinna hafi reynst mikilvæg og líklegt megi teljast að möguleikar hennar verði áfram nýttir eftir að faraldrinum linnir er ljóst að slík ráðstöfun er bundin við tiltekna starfsgreinar. Aftur beinist athygli að „framlínustörfum“ sem konur á lágum launum sinna einkum. Í þeim hópum eru erlendir ríkisborgarar líka fjölmennir, sem og ungt fólk.

Þessu til viðbótar vill sérfræðihópur verkalyðshreyfingarinnar leggja áherslu á mikilvægi þess að málefnaleg gagnrýni fari fram hvað aðgerðir stjórnvalda varðar. Á það jafnt við um efnahagsmál en ekki síður ráðstafanir til að bregðast við félagslegum afleiðingum þess mikla vanda sem við er að etja. Tryggja verður að aðgerðir stjórnvalda þjóni almannahagsmunum. Því er mikilvægt að markmið aðgerðanna séu skýr, aðgerðirnar séu mótaðar í samræmi við markmið og því fylgt eftir að þær virki sem skyldi.

Sérfræðingahópurinn telur að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara annars vegar og ungs fólks hins vegar kalli á sértækar aðgerðir. Stórefla þarf þjónustu við atvinnuleitendur sem ekki tala íslensku og huga sérstaklega að þörfum ungs fólks sem tekur á sig miklar byrðar á viðkvæmu æviskeiði. Þessi vandi leysist ekki af sjálfu sér eða með almennum aðgerðum. Þá þurfa úrræði stjórnvalda að taka mið af svæðisbundnu atvinnuleysi enda hafa sum svæði orðið einstaklega illa úti og þurfa sértækan stuðning. Samhliða þarf að fylgjast vel með kynbundnum áhrifum af COVID-kreppunni, einkum er lýtur að vaxandi atvinnuleysi meðal kvenna og auknu álagi á heimilum, sem leggst hlutfallslega meira á konur en karla.

Hópurinn telur aðkallandi að stjórnvöld móti heildstæða atvinnustefnu sem sé um leið verkfæri til að takast á við afleiðingar COVID-kreppunnar og stuðli að uppbyggingu til framtíðar. Markmiðið með slíkri stefnu er öðru fremur að leita leiða til að tryggja öllum störf við hæfi og að íslenskur vinnumarkaður sé tilbúinn undir framtíðaráskoranir sem tengjast loftslagsógninni og tæknibreytingum. Stefnan þarf að vera unnin í víðtæku samfélagslegu samráði og í náninni samvinnu við heildarsamtök launafólks auk þess að vera undirbyggð af fræðilegri þekkingu.

Mælikvarðinn á viðbrögð við kórónukreppunni er hversu vel tekst að draga úr skaðlegum áhrifum hennar og hver áhrifin verða á viðkvæma hópa. Með því að setja afkomuöryggi fólks í forgrunn verður hægt að draga úr skaða kreppunnar og koma í veg fyrir skuldavanda til frambúðar og vaxandi ójöfnuð.